

Lýðræðisstefna Mosfellsbæjar

Markmið og leiðir

Lýðræðisstefna Mosfellsbæjar er afrakstur samvinnu íbúa, starfsfólks og fulltrúa þeirra flokka sem eiga sæti í bæjarstjórn. Lýðræðisstefnan byggir á heildarstefnu Mosfellsbæjar sem samþykkt var árið 2011 og endurskoðuð árið 2015. Byggt er á gildum sveitarfélagsins sem eru virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja.

Leiðarljós lýðræðisstefnu er að virkja íbúa til þátttöku í málefnum og stefnumótun sveitarfélagsins og tryggja þannig aukna þátttöku þeirra í ákvarðanatöku og mótun nærumhverfis síns. Þannig skal stuðlað að virku íbúalýðræði sem leiðir af sér sátt um stefnumótun og ákvarðanir sveitarfélagsins.

1. Stjórnsýsla og gegnsæi

a. Íbúar hafi greiðan aðgang að öllum gögnum sveitarfélagsins, fyrirtækja þess og samtaka sem það á aðild að, eftir því sem lög og reglugerðir heimila.

Leitast verður við að ná þessu markmiði með því að:

- i. Fylgigögn verði almennt birt með fundum nefnda og ráða Mosfellsbæjar samkvæmt reglum þar um.
- ii. Mosfellsbær hvetji félagasamtök og fyrirtæki sem Mosfellsbær á aðild að, og styrkir með einhverjum hætti til þess að setja sér sambærilegar reglur um birtingu slíkra gagna.

b. Sífelld sé leitað nýrra leiða til að tryggja gott upplýsingaflæði til íbúa.

Leitast verður við að ná þessu markmiði með því að:

- i. Tryggja það að vefur Mosfellsbæjar og aðrir samskiptamiðlar séu markvisst nýttir til samskipta við íbúa og upplýsingagjafar um starfsemi sveitarfélagsins.
- ii. Upplýsingum á vef Mosfellsbæjar sé ávallt viðhaldið og tryggt að íbúar hafi sem greiðastan aðgang að þeim. Upplýsingum skal miðlað af hlutleysi.
- iii. Fundargerðir nefnda verði lýsandi fyrir efni fundarins og þær ákvarðanir sem þar eru teknar og afstöðu einstakra nefndarmanna í því skyni að tryggja gagnsæi í nefndarstörfum.
- iv. Upptökur af fundum bæjarstjórnar skulu vera aðgengilegar á vef Mosfellsbæjar.
- v. Halda fræðslu-, upplýsinga- og samráðsfundi um málefni sveitarfélagsins eftir því sem þurfa þykir.
- vi. Nýta fjölmiðla til að miðla upplýsingum um starf sveitarfélagsins eftir því sem við á.
- vii. Íbúar hafi greiðan aðgang að bæjarfulltrúum, bæjarstjóra og öðrum embættismönnum.
- viii. Íbúar hafi greiðan aðgang að upplýsingum um þjónustu bæjarins og leitast skal við að bjóða upp á víðtæka rafræna þjónustu.
- ix. Hver og ein nefnd leitist við að hafa opinn upplýsinga- og samráðsfund fyrir bæjarbúa einu sinni á ári.

c. Tryggt skal að upplýsingar um fyrirhugaðar stjórnvaldsákvæðanir, stefnumótun og/eða framkvæmdir á vegum bæjarins berist tímanlega til hlutaðeigandi íbúa svo þeir geti sett sig inn í málið.

Leitast verður við að ná þessu markmiði með því að:

- i. Nota kynningarbréf, kynningarfundir, auglýsingar í fjölmiðlum og tilkynningar á vef Mofellsbæjar, íbúagátt og/eða öðrum samskiptamiðlum.

2. Samráð og íbúakosningar

a. Leitast skal við að hafa samráð við íbúa og hagsmunaaðila áður en ákvarðanir eru teknar í mikilvægum málefnum er varða hagsmuni þeirra.

Leitast verður við að ná þessu markmiði með því að:

- i. Halda fundi með íbúum í viðkomandi hverfi eða hverfum.
- ii. Hafa samráð við hverfasamtök. Mofellsbær bjóði fram aðstoð við að stofna slík samtök.
- iii. Framkvæma skoðanakannanir, til dæmis á vef Mofellsbæjar og/eða íbúagátt og gefa íbúum tækifæri til að koma með athugasemdir og ábendingar
- iv. Að birta niðurstöður skoðanakannana á opinberum vettvangi.
- v. Boða samráðsfundi þar sem íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefst kostur á að taka þátt í umræðum og koma sjónarmiðum á framfæri áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar.
- vi. Leitast skal við að nýta nýjustu samskiptatækni sem í boði er á hverjum tíma til að eiga gagnvirk samskipti við íbúa.

b. Framkvæmd íbúakosninga fer eftir gildandi ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

Sjá lagasafn Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/139/s/1998.html>.

3. Þekking og fræðsla

a. Íbúar hafi aðgang að upplýsingum um rétt sinn og tækifæri til að hafa áhrif á stjórnvaldsákvæðanir, stefnumótun og framkvæmdir.

Leitast verður við að ná þessu markmiði með því að:

- i. Halda reglulega fræðslufundi með íbúum um lýðræðismál, til að mynda í tengslum við evrópska lýðræðisviku sem haldin er á hverju hausti.
- ii. Hafa tengil á vef bæjarins með nánari upplýsingum um íbúalýðræði og skulu þær upplýsingar einnig vera aðgengilegar á að minnsta kosti einu erlendu tungumáli.

b. Kjörnir fulltrúar og starfsfólk Mofellsbæjar fái viðeigandi þjálfun og fræðslu í lýðræðismálum.

Leitast verður við að ná þessu markmiði með því að:

- i. Reglulega fari fram kynning og umræða meðal starfsfólks og kjörinna fulltrúa um lýðræðisstefnu og mikilvægi hennar þannig að stefnan verði leiðarljós í daglegu starfi.

c. Í skólum bæjarins skal fara fram markviss fræðsla um lýðræði í samræmi við aðalnámskrá leik- og grunnskóla og skólastefnu Mofellsbæjar.

Leitast verður við að ná þessu markmiði með því að:

- i. Starfsfólk leik- og grunnskóla fái reglulega fræðslu og þjálfun um lýðræði í skólastarfi.
- ii. Efla Ungmennaráð til að koma með auknum hætti að lýðræðisfræðslu.

4. Framkvæmd lýðræðisstefnu

a. Lýðræðisstefna er á forræði bæjarráðs og hefur forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar Mofellsbæjar umsjón með framkvæmd hennar.

Fylgst skal með framkvæmd stefnunnar meðal annars á eftirfarandi hátt:

- i. Unnin skal framkvæmdaáætlun fyrir tvö ár í senn um þau verkefni sem leggja skal áherslu á hverju sinni til að tryggja að árangur náist.
- ii. Tekið skal á móti ábendingum frá íbúum hvað varðar framkvæmd lýðræðisstefnu.
- iii. Lýðræðisstefna og framkvæmdaáætlun skal vera til umfjöllunar í bæjarráði árlega.